

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjanesbæ 10. apríl 2013
2013-293/12.3

Umsögn um tillögu að starfsleyfi Síldarvinnslunnar hf., kt. 570269-7479.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur yfirfarið tillögu að starfsleyfi Síldarvinnslunnar hf., vegna fiskimjölsverksmiðju í Helguvík. Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar eru gerðar.

Í grein 1.1, *rekstaraðili*, vantar nákvæmari staðsetningu fyrirtækisins, götu og húsnúmer. SR-mjöl hf. var skráð að Stakkabraut 5.


Í grein 2.4, *flutningstæki og hráefnismóttaka*, stendur m.a. „Frárennsli frá þvottaaðstöðu skal leitt í gegnum fitugildru. Heillavænlegra væri að þarna kæmi fram að frárennsli frá þvottaaðstöðu skuli leitt í gegnum hreinsibúnað (safngildru) og svo um fitugildru.

Í grein 2.9, *loftmengun*, væri réttast að banna vinnslu sé vindátt að byggð uppfylli hráefnið ekki kröfur sem gerðar eru til TVN gildis í grein 2.2. Undan farinn ár hefur borið á ólykt frá vinnslunni í Reykjanesbæ.

Í grein 2.20, *lysingeymar og lekavarnapró*, er tilgreint hve rúmtak lekavarna skuli vera. Einnig er komið inn á að rekstraraðili hafi aðgang að olíuflotgirðingu. Hér er væntanlega byggt á ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Er heimilt að byggja á fyrrgreindri reglugerð m.t.t. lýsis?

Aðrar athugasemdir ekki gerðar.

Virðingarfyllst,



Ríkharður Fr. Friðriksson,
heilbrigðisfulltrúi.